

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Efni: Frumvarp til laga um breytingar á lögum um mat á umhverfisáhrifum og skipulags- og byggingarlögum. Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005. Þskj. 241, 235. mál.

Stjórn Hins íslenska náttúrufræðifélags (HÍN) vil taka undir töluliði nr. 3-6 í fyrirvara Hilmars J. Malmquist, fulltrúa umhverfisverndarsamtaka í nefnd sem skipuð var til að endurskoða lög um mat á umhverfisáhrifum (nr. 106/2000), sem hann gerir grein fyrir í bréfi til fyrrv. umhverfisráðherra, Sivjar Friðleifsdóttur, dagsettu 9. apríl 2002. Auk þess óskar stjórn HÍN eftir því að þau sjónarmið sem fram koma í bréfi Hilmars verði höfð að leiðarljósi við frekari vinnu við frumvarpið.

Þau atriði sem stjórn HÍN vill einkum ítreka eru:

1. Að mikill vafi leiki á skynsemi í breytingatillögu nefndarinnar þess efnis að almenningur, félagasamtök og faglegar stofnanir geri umsagnir við frummatsskýrslu, en ekki hina endanlega matsskýrslu. Jafnframt að það sé alfarið á ábyrgð framkvæmdaraðilans að tekið verði tillit til athugasemda í lokagerð matsskýrslu. Slíkt ferli hefur í för með sér takmarkaðri skoðanaskipti milli aðila en nú gildir og kann að bjóða upp á misskilning og ágreining þar sem ekki er gert ráð fyrir faglegu aðhaldi og ráðgjöf fyrrgreindra aðila í lokaútgáfu matsskýrslunnar.
2. Að ónauðsynlegt er að þrengja almannarétt frá núgildandi lögum eins og breytingatillögur nefndarinnar á málskotsrétti fela í sér.
3. Að stigið verði stórt skref aftur á bak í umhverfisvernd í landinu með því að fella á brott skilyrði í 27. gr. Skipulags- og byggingarlaga um að leyfisveitendur skuli ákvarða um matsskyldar framkvæmdir í samræmi við álit Skipulagsstofnunar.
4. Að brýnt er að endurskoða mörg stærðarviðmið í 1. og 2. viðauka laga nr. 106/2000, sbr. bréf HÍN (dags. 17. mars 2000) til umhverfisnefndar Alþingis vegna athugasemda við frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum (125. löggjafarþing, 386. Mál, þskj.644).

Stjórn HÍN fagnar ýmsum breytingatillögum nefndarinnar. Meðal annars er markmið laganna mun skýrari en áður (sbr. 1. gr.), skilgreining á hugtakinu umtalsverð umhverfisáhrif er á ný komin í lagafrumvarpið (3. gr.), og ný heimild er veitt til að meta saman tengdar framkvæmdir án þess að þurfa að vera á sama svæði (5. gr.). Þá er tekinn af allur vafi um að umhverfisverndarsamtök og hagsmunasamtök sem starfa að umhverfismálum eigi lögvarða hagsmuna að gæta (12. gr.).

Virðingarfyllt,

Kristín Svavarsdóttir
Formaður HÍN.